

Nefndasvið Alþingis

Reykjavík 8. janúar 2009
br.2009. 002

Athugasemdir við Þingskjal 154 – 139. mál: Frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við lagafrumvarpið.

1. gr.

Síðasta málsgrein mætti vera: „Safnið á jafnframt samstarf við aðrar stofnanir og háskóla landsins.“ Ástæða er til að benda á að margar ríkisstofnanir hafa samstarf við safnið þótt þær séu ekki háskólar s.s. Orkustofnun, Náttúrufræðistofnun o.fl. og eru það einkum bókasöfn þessara stofnana sem eru í samvinnu við Landsbókasafnið.

3. gr.

Miðað við kröfur í nútímapjódfélagi er dálítið undarlegt að engar faglegar kröfur séu gerðar til landsbókavardar. Lagagrein sem vísað er til vitnar til „almennra skilyrða“ en telja má að í svo ábyrgðarmikið starf þurfi faglegra mjög hæfan einstakling t.d. með þekkingu á bókasafnsfræðum.

4. gr.

Miðað við eðli safna er meginhlutverk þeirra að viðá að sér gögnum, bæði á „föstu formi“ og rafrænu. Þannig mætti benda á að ekki kemur fram sem hlutverk Landsbókasafnsins að það skuli safna ritverkum á formi bóka, tímarita eða öðru prentuðu efni. Í 5. atriði kemur fram að eigi „*Að þaulsafna íslenskum gögnum, m.a með viðtöku skyduskila samkvæmt lögum.....*“ Ekki er getið samkvæmt hvaða lögum eða hvers og væri eðlilegt að vísað væri í ákveðin lög, t.d. í athugasemdum við frumvarpið. Það er vandséð fyrir ókunnugan hvort Landsbókasafnið yfirleitt safni t.d. íslenskum skáldsögum eða útgáfum á biflífunni, þótt flestir viti að svo sé. Það væri betra að hafa lögin ýtarlegri að þessu leyti og skaðlaust að orðið „bók“ komi fyrir í lögnum. Þá mætti etv. minnst á hljóðbækur, rafrænar bækur (ebooks) og annað slíkt.

Aðrar ábendingar hef ég ekki.

Með kveðju

Dr. Helgi Torfason, safnstjóri
Náttúruminjasafn Íslands
heto@natturuminjasafn.is